# Starfendarannsókn

Fjármálalæsi - Persónuleg fjármál

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Starfendarannsóknir

- **Fjármálalæsi á unglingastigi grunnskóla**
- **Rannsóknarspurning:**
  - **Hvaða áskoranir og hindranir er að finna í íslensku skólakerfi gagnvart námi og kennslu í fjármálalæsi?**


Fjármálalæsi á unglingastigi grunnskóla

Örn Valdimarsson

Maí 2020

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu

HÁSKÓLI ÍSLANDS

MENNTAVÍSINDASVIÐ

MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Skilgreining á fjármálalæsi

- Fjármálalæsi felur í sér hæfileika til að taka ákvarðanir í fjármálum **þekkingu, viðhorfi** og **hegðun** til fjármála og **hæfni** til að hafa stjórn á eigin fjárhag svo að taka megi **ígrundaða ákvörðun** í fjármálum með **gagnrýnum huga** og **færni** til að greina valkosti og bregðast skynsamlega við með **leikni** og nægjusemi að leiðarljósi (Örn Valdimarsson).
- **Þekking**: peningar, fjármálastofnanir - upplýsingar
- **Hegðun**: fjármálastærðfræði (skapandi stærðfræði), prósentu úttreikningur og fjárhagsáætlun, reglan um tvöföldunartíma ávöxtunar (vaxta vextir), gengur út á það að ef þú deilir 72 með vöxtunum þá færðu út tvöföldunartíma.
- **Viðhorf:** ungt fólk myndar sér viðhorf til fjármála snemma á lífsleiðinni. Hvatning til sparnaðar? Fjárhagsefiðleikar á heimilinu?  Smálán?

MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Hvernig bætum við fjármálalæsi í skólum

- Er verið að uppfyllta viðmið aðalnámskrár varðandi kennslu í fjármálalæsi?
- Menntavísindasvið HÍ
- Endurmenntunarnámskeið
- Starfendarannsóknir - samstarf kennara - faggreinafélög
- Ritrýnt námsefni
- Skipulag kennslu og kennsluleiðbeiningar (fagleg vinnubrögð)

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Gagnrýna hugsun í fjármálum

- Í niðurstöðum OECD rannsóknar sem Mitchell og Abusheva (2016) gerðu kom fram að fólk ber almennt mikið traust til starfsmanna fjármálafyrirtækja.
- Einnig var spurt hvort einstaklingar treystu læknum eða bankastarfsmönnum betur, þá sögðu 65% svarenda að þau treystu bankastarfsmönnum betur en læknum.
- Meirihluti þátttakanda sögðust vera hrædd um að vera hafnað um lán og að standast ekki greiðslumat vegna lánsumsóknar.
- Í formála aðalnámskrá:
    - „Mennta þarf hinn almenna borgara nægilega vel til þess að hann geti veitt valdhöfum eðlilegt aðhald, hvort sem þeir eru í **fjármálalífinu**, stjórnmálum, fjölmiðlum eða á öðrum sviðum“.

MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Könnun á fjármálalæsi í grunnskóla

- Nemendur eru á öðru ári í MS, 28 nemendur í bekk þar af tóku 22 þátt í könnuninni




MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Úr hvaða grunnskólum koma nemendur?

- Reykjavík: Inngunarskóla, Árbæjarskóla, Híðaskóla, Álftamýraskóla, Réttarholtsskóla, Norðlingaskóla, Foldaskóla, Valhúsaskóla, Seljaskóla, Dalskóla, Kelduskóla, Lauganesskóla (12)
- Kópavogur/Seltjarnarnes/Garðabær/Mosfellsbær: Lindaskóla, Hörðuvallaskóla, Álfhólsskóla, Valhússkóla, Garðaskóli, Varmáskóla, Lágafellsskóla (7)

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Var kennd fjármálalæsi í skólanum?

- Já: 27% - Hlíðaskóla, Foldaskóla, Seljaskóla, Dalskóla, Hörðuvallaskóla og Lágafellsskóla
- Nei: 73%




MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Hverjir sáu um kennsluna?

- Hlíðarskóla – Samtök fjármálafyrirtækja
- Aðrir skólar (5) – umsjónarkennarinn, stærðfræðikennarinn, samfélagsfræðikennarinn og lífsleikniskennarinn

MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Hvaða námsefni var notað við kennsluna?

- Fyrstu skref í fjármálum: Seljaskóli, Hörðuvallaskóli og Lágafellskóli - 14%
- Auraráð: Dalskóli – 5 %
- Ekkert sérstakt námsefni – 81%










MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Fjármálalæsi og aðalnámskrá

- Námsefni og kennsla ekki tengt við hæfniviðmiðum
- Seljaskóli var einni skólinn sem tendi hæfniðviðmið við námsefni

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Hverjir sáum um kennsluna?

- Seljaskóli var eini skólinn sem tengdi hæfnviðmið við kennsluna

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Hvað sögðu nemendur un námið í grunnskólanum?

- Af þeim 6 skólum sem kenndu fjármálalæsi voru þetta svör nemenda:
- Ekkert
- Mann varla neitt úr því
- Lítið, vorum í auraráð mjög snemma (minnir í kringum 7. bekk) þannig að ég man ekki mikið eftir þessu
- Las rich dad poor dad um daginn og hún kenndi mér sennilega meira en grunnskólinn
- Ekki neitt
- Mann ekki eftir neinu sérstöku

MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Nemendur í framhaldsskóla

- Eru fjármál rædd á þínu heimili?
  - Allir sögðu já
- Telur þú líklegt að þú eigir eftir að kaup þér húsnæði þegar þú verður eldri?
  - Allir sögðu já
- Hvað er fjármálalæsi?
  - Þekkja og kunna að fara með peninga
  - Markmiðið er fjárhagslegt frelsi
  - Fjárhagslegt sjálfstæði - hætta störfum snemma

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Hvers vegna kaupa fasteign?

- Öryggi og samfélag býst við þvi að þu kaupir þer hús
- Sumir líta á það sem fjárfesting, aðrir eru að "kaupa" öryggi og heimili
- Fjárfesta eða fá þak yfir hausinn
- Flytja að heiman og vera með fasta búsetu
- Því það er ákveðin fjárfesting sem kemur með því, maður á þá einhvað í íbúðinni
- Það felur í sér meira öryggi held en að vera á leigumarkaðnum
- Eiga sína eigin eign, eitthvað sem er "þitt”
- Vera sjalfstætt og standa a eigin fotum
- Öryggi fyrir framtíðar fjölskyldu!
- Vill ekki eyða peningum i leigu allt sitt líf
- Vegna þess að leigumarkaðurinn er svo óstöðugur
- Öryggi, lægri kostnaður m.v. leigu, eignamyndun.
- Besta fjarfestingin sem þu gerir.

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Leggur þú reglulega fyrir með sparnaði?

- 73% spara reglulega

| | | |
|---|---|---|
| ● | Já | 16 |
| ● | Nei | 6 |



MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Endurmenntun á sviði fjármálalæsis

- MOCC – Certified Educator







MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Fjármálalæsis verkefni  - námsmat

MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

*Fjármálaáætlun*
*Fjármálalæsi - FJÁR02FL05*

## Verkefnalýsing

Í þessu verkefni er unnið með töflureikni (Excel) til að áætla matarinnkaup fyrir árið. Við byggjum okkar áætlun á matarinnkaupum í eina viku og áætlum síðan heildarkostnaðin við matarinnkaupin út árið. Þetta er raunverkefni þar sem þér gefst tækifæri á að ræða fjármál og framkvæmd fjármálaáætlunar með fjölskyldunni og þannig að þjálfaö þig í gagnrýnni og skapandi hugsun.  Fjármálaáætlanir taka mið af hegðun í fjármálum, varðandi nauðsynjar og langanir. Í þessu verkefni á að taka saman allar matvörur og hreinlætisvörur sem keyptar eru og sundurliða. Flokkum þessi innkaup niður í nauðsynjar og aðrar vörur sem við getum hugsanlega verið án. Þannig getum við séð hversu mikið er hægt að spara yfir árið með því að sleppa því sem ekki er nauðsynlegt eða að kaupa ódýrari sambærilega vöru. Umræðan á heimilinu er mikilvæg í þessu verkefni þar sem sumir vilja ákveðna vöru á meðan að aðrir geta verið án hennar.

Þetta er einstaklingsverkefni þar sem nemandi á að ræða matarinnkaup og fjárhagsáætlun með fjölskyldunni. Safna þarf kassakvittunum til að geta unnið þetta verkefni. Skila á verkefninu í töflureikni (Excel). Áætlað er að þetta verkefni taki um 3 tíma þegar búið er að safna öllum kassakvittunum saman.

Verkefnivægi: 14% af lokaeinkunn

## Lykilhæfni Aðalnámskrá framhaldsskóla

### Læsi, tjáning um tölur og upplýsingar

Læsi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Læsi, tjáning og samskipti auðveldar virk samskipti í félagslegu, menningarlegu og tæknilegu samhengi.

**Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:**
- getur nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit,
- getur tjáð sig um og hagnýtt tölur og upplýsingar í menntun sinni og menningu,
- getur aflað gagna, flokkað og nýtt sér upplýsingar á gagnrýninn hátt,
- getur notað upplýsingtækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á gagnrýninn og skapandi hátt,
- getur miðlað upplýsingum á skapandi hátt,
- er læs á upplýsingar frá ólíkum miðlum.

### Stærðfræði hæfniþrep 2

- **Þekking**
  Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á tölum, talningu og framsetning fjármálaáætlunar með töflureikni (Excel)
- **Leikni**
  Nemandi getur unnið af öryggi og sjálfstæði, beitt röksemdafærslu og hefur aflað sér þjálfunar í aðferðum og verklagi í stærðfræðilegum framsetningu fjármálalæsis og túlkun á niðurstöðu í töflu og á myndrænuformi.
- **Hæfni**
  Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér á sviði daglegs lífs og almennar menntunar á sviði fjármála og tækni.

## Fjárhagsáætlun í matarinnkaupum fyrir árið - Töflureikni

Í þessu verkefni áttu að hanna einfaldan töflureikni sem tekur mið af viku matarinnkaupum sem nota á til að áætla heildar matarinnkaup fjölskyldunar á einu ári. Útreikningar í töflureikni eiga að geta uppfærst sjálfkrafa ef þú breytir gildi þeirra síðar. Það á einnig að forgangsraða innkaupunum út frá því sem er nauðsynlegt og óþarfa. Niðurstöður á að birta í töflu og myndrænu formi.

**1. hluti:  Hönnun á fjárhagsáætlun í töflureikni**

Við hönnun á töflureikni má styðjast við stutt kennslumyndbönd um hönnun og uppsetningu á fjárhagsáætlunum.

1. How To: Entering & Editing Data
2. How To: Formatting Numbers
3. How To: Formatting Columns & Rows
4. How To: Formatting Text Within a Cell
5. How To: Equations with Relative Cell References
6. How To: Formatting Your Entire Spreadsheet

Í þessu verkefni á ekki að taka tillit til annars kostnaðar en matar- og hreinlætisvara. Í vikuáætluninni þarf að taka tillit til þess að sumar vörur eru keyptar sjaldnar en vikulega og þarf að gera ráð fyrir því, með áætlun kostnaði en styðjast má við verð á heimasíðum matvörubúða.

**2. hluti:  Skapandi hugsun í framsetningu**

Þú velur hvaða framsetningu þú vilt hafa á fjárhagsáætlun þinni og gott er að ræða um það við fjölskylduna. Birta á allar áætlanir yfir árið í áætlunar dálk, en til hliðar má síðar birta raunveruleg eyðslu fyrir árið. Það eru margar leiðir til að gera þetta, þú kemur með þína leið.

**Leiðbeiningar um frágang:**

- Gögn ættu að vera skýr og lýsandi með góðum fyrirsögnum
- Útreikningar þurfa að vera nákvæmir (notaðu réttar reikniformúlur í töflureikninum) Basic Math in Excel)
- Vanda þarf allan frágang með fagmannlegri framsetningu
- Útreikningar eiga að vera í heilum krónum og passa þarf að tölur uppfærist sjálfkrafa

**3. hluti:  Hægt er að bæta við þessa áætlun í töflureikninum síðar**

Hér er dæmi um nokkra algenga liði í fjárhagsáætlun sem bæta má við síðar:

- Bættu öðrum liðum í fjárhagsáætlunina, t.d. fasturkostnaður eins og rafmagn, hiti og WIFI
- Berðu saman þína fjárhagsáætlun við raunkostnað og skoðaðu hversu miklu munar á áætlun og raunáætlun
- Bættu við tekjuáætlun og skoðaðu hversu mikill afgangur er á mánuði sem má leggja í sparnað
- Notaðu þessa fjárhagsáætlun þegar þú kaupir þína fyrstu íbúð og bættu einnig við afborganir íbúðaláns

MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

# Hvernig getum við haft áhrif á nám og kennslu?

- Rannsóknir og starfsþróun kennara
- Getum við styrkt okkur og jafnvel haft þannig áhrif á aðra menntastofnanir?
- Faggreinafélag í fjármálalæsi?
- https://www.ki.is/faggreinafelog/

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

# Spurningar?

- Takk fyrir ☺

MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND